



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/1809
komudagur 28.4.2000

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2000

**Efni: Umsögn um breytingar á 2. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-
tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál.**

Með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 14. apríl s.l., óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna eftirfarandi breytinga á 2. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 (breytingartillagan er *skáletruð*).


“Lífeyrissjóður skal samhliða greiðslufirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, *verðmæti áunninna réttinda hans hjá sjóðnum*, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.”

Það er skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að þessi breytingartillaga sé síður en svo til bóta og geti í mörgum tilvikum valdið verulegum misskilningi hjá sjóðfélögum. Tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða byggja m.a. á mati á dánar- og lífslíkum sjóðfélaga, auk ýmissa annarra þátta, svo sem mat á líkum þess að sjóðfélagar verði í hjónabandi eða annarri sambúð á hverju aldursári í framtíðinni, auk þess sem byggt er á mati á örorku- og endurhæfingarlíkum og líkum á því að sjóðfélagi eigi barn á hverju aldursári í framtíðinni. Þannig er engan veginn hægt að leggja að jöfnu tryggingafræðilega útreikninga sem byggja á meðaltölum ofangreindra þátta og persónulegum högum og stöðu einstakra sjóðfélaga, - nema þá með svo miklum fyrirvörum að hinn almenni sjóðfélagi væri litlu sem engu nær um lífeyrisréttindi sín.

Í dag senda flestir, ef ekki allir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði, tvisvar á ári upplýsingar til sjóðfélaga um iðgjaldagreiðslur og áunnin ellilífeyrisréttindi á mánuði í krónutölu, svo og upplýsingar hversu hár ellilífeyririnn yrði á mánuði, ef sjóðfélaginn héldi áfram að greiða sambærilegt iðgjald til sjóðsins allt til 67 ára aldurs. Landssamtök lífeyrissjóða telja að þær upplýsingar sem lífeyrissjóðirnir senda sjóðfélögum sínum í dag gefi raunsannari mynd af stöðu mála gagnvart einstökum sjóðfélögum og séu betur til þess fallnar að gera sjóðfélögum betur

meðvitaða um lífeyrisréttindi sín, heldur en að koma á framfæri ýmsum tölum sem byggja á flóknum tryggingafræðilegum útreikningum, sem byggðar eru á meðaltölum og líkum en ekki á einstaklingsbundum réttindum.

Landssamtök lífeyrissjóða leggjast því eindregið gegn samþykkt þessarar tillögu. Við heildarendurskoðun laga nr. 129/1997, sem væntanlega mun fara fram í síðasta lagi á árinu 2002, mun hins vegar gefast betra tækifæri og tími að skoða mun betur framkvæmd 2. mgr. 18. gr. laganna.

Virðingarfyllt
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon
framkvæmdastjóri LL